

Nýsköpun valfag í Borgarhólsskóla.

Kennt 1 sinni í viku 1-2 klst í senn.

Uppbygging: Farið er yfir grunnatriði í notkun á teikniforritinu Inkskape og hvernig er hægt að nýta sér það til ýmissa verkefna. Farið er yfir grunnatriði í notkun á laserskurðartæki, vinylskera og tölvustýrðum fræsara. Hér er einnig verið að vinna með sköpunarkraft nemandans þar sem fá skylduverkefni eru heldur fá nemendur að velja sér hvað þeir skapa út frá þeim fyrirmælum sem gefin eru.

Námsmat:

Nemendur búa til heimasíðu þar sem þeir halda leiðarbók og segja frá verkefnum sínum. Mat kennara byggist á þátttöku í tímum, heimasíðu og verkefnum nemenda.

Hæfniviðmið

- Að nemendur geti spurt rannsakandi spurninga skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistösk og úrvinnslu verkefna
- Að nemendur geti verið óhræddir að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika
- Að nemendur nýti fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.
- Að nemendur taki frumkvæði í námi sínu og séu sjálfstæð og ábyrg í vinnubrögðum,
- Að nemendur noti sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda,

Matsviðmið

- Að nemendur nái tókum á teikniforritinu Inkskape.
- Að nemendur nái grunnfærni í forritinu Sketchup
- Greina mun á milli vetor og raster mynda
- Setja upp verkefni í viðeigandi form fyrir vinnslu
- Setja inn verkefni á netið
- Geta skipulagt og framkvæmt eigin hugmyndir
- Bera ábyrgð á efnisvali út frá því verkefni sem hann hefur kosið sér
- Velja viðeigandi verkfæri og tækjabúnað með tilliti til framkvæmdarinnar

Tímaskipulag

11. janúar	Kynning á Innskape Prófa tæki og tól. Teikna sjálf og prófa verkfærin.	Kynna hugmyndir um leiðarbók sem er vefsíða. Þurfa að setja inn 2-3 myndir á viku. Skrifa smá punkta um vinnuna. Smá um sig Hvað gekk vel Hvað mátti gera betur Hvað lærðir þú nýtt? Hugmyndir fyrir næsta verkefni?
18. janúar	Vinna með myndir eða teikna sjálf, gera hlut til að skera út í lazer t.d. Kertastjaki, hálsmen eða eitthvað annað	Fylla inn í leiðarbók
25. janúar	Vinnutími framhald frá því síðast	Fylla inn í leiðarbók
1. febrúar	Vinnutími	Fylla inn í leiðarbók
8. febrúar	Fara í FSH og prenta verkefni	
15. febrúar	Fara í FSH og prenta verkefni	
22. febrúar	Vinna við límmiða hefst	
1. mars		
8. mars	Samræmd próf	
22. mars	Vinna við límmiða	
29. mars	Vinna við límmiða	
5. apríl	Skoðum sketchup og mælum svæði á skólalóðinni.	
19. apríl	Hugmyndavinna fyrir skólalóð.	
26. apríl	Teiknun fyrir skólalóð	
3. maí	Skólalóð	
10. maí	Tími til að vinna í heimasíðu	
17. maí	Lokamat	